



HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík


Reykjavík, 9. apríl 2018
Tilvísun: 201803-0201

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum, 293. mál

Velferðarnefnd Alþingis hefur sent héraðssaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum, 239. mál. Héraðssaksóknari telur frumvarpið til bóta og jákvætt að sett verði sérlög um slík efni. Embættið hefur vakið athygli á því að sterkar vísbendingar séu um það að sakborningar í alvarlegum ofbeldisbrotum noti slík efni, þ.e. stera. Þetta hefur ekki verið rannsakað sérstaklega innan refsivörslukerfisins en það er mat þeirra sem starfa við ákærumeðferð málanna að það sé aukning í notkun þessara efna meðal þeirra sem grunaður eru um gróf ofbeldisbrot. Sérstaklega er því fagnað að frumvarpið geri ráð fyrir fræðslu um skaðsemi efnanna.

Þar sem um sérrefsilög er að ræða eru lögreglustjórnara með ákærvald í málum sem varða brot á lögunum og munu þessi mál því ekki koma til afgreiðslu hjá embætti héraðssaksóknara nema ef þau tengjast öðrum brotum sem embættið hefur ákærvald í.

Embætti héraðssaksóknara,
f.h. Kolbrúnar Benediktsdóttur, varahéraðssaksóknara


Ólafur Þór Hauksson, héraðssaksóknari





Velferðarnefnd Alþingis
c/o Nefndasvið Alþingis

Reykjavík, 9. apríl 2018

Varðar: Frumvarp til laga um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum, 293. mál.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands fagnar ofangreindu frumvarpi.

Líkt og í íþróttum almennt, þá er í almennri líkamsrækt stór hópur af ungu fólki sem er markhópur fyrir sölu- og dreifingaraðila ólöglegra efna. Neysla á þessum efnum er aðallega í þeim tilgangi að flýta fyrir árangri. Erfitt getur verið að koma í veg fyrir slíka notkun án öflugra forvarna og samvinnu þeirra sem að íþróttum og líkamsrækt standa. Neysla og varsla ólöglegra árangursbætandi efna er ólögleg hjá iðkendum í íþróttum, og er ákvæði um vörslu einkum sett til að útiloka fyrirhugaða neyslu og/eða dreifingu.

Í mörgum löndum á sala og dreifing ólöglegra efna sér stað í tengslum við líkamsrækt, það er utan skipulagðrar íþróttastarfsemi, og engin ástæða er til þess að ætla að annað gildi hér á landi. Það er mjög mikilvægt að allir skammtar, bæði litlir og stórir, ætlaðir til sölu og/eða dreifingar falli undir hina fyrirhuguðu löggjöf. Svokallaðir neyslaskammtar stera sem fengnir eru á ólöglegan hátt geta verið hundrað- eða jafnvel þúsundfaldir skammtar sem gefnir eru skv. læknisráði.

Lögregla, tollayfirvöld, ríkissaksóknari og fleiri aðilar hafa lýst yfir áhyggjum varðandi aukna notkun og dreifingu á þessum efnum og ekki af ástæðulausu. Mörg af efnunum geta haft gríðarlega flóknar og alvarlegar aukaverkanir sem eru oft óafturkræfar.

Aukaverkanir hjá körlum vegna misnotkunar anabólískra stera geta meðal annars verið; minna testósterón, brjóstamyndun, eistnaminnkun, minni sæðisframleiðsla og vandamál í blóðruhálskirtli. Aukaverkanir bundnar við konur geta meðal annarra verið; tíðarhringstruflanir, stækkun ytri kynfæra, minni brjóst, legrýrnun og aukinn skegg- og hárvöxtur.

Ókynbundnar líkamlegar aukaverkanir geta verið; hormónatruflanir, minni frjósemi, húðvandamál og sýkingar, lengdarvöxtur stöðvast, vöðva- og sinavandamál, þykkara blóð og hærri blóðþrýstingur, hárlos, stækkun hjartavöðva og aukin hætta á heilablóðfalli, lifrarskemmdir, lifrabílanir og krabbamein.

Andlegar aukaverkanir beggja kynja geta verið; þynnri heilabörkur, rýrnun gráa efnisins og vitsmundaskerðing, miklar skapsveiflur, svefntruflanir, minni samkennd, aukin árásargirni, depurð, kvíði og hugræn skerðing, þunglyndi og sjálfsvígshugleiðingar. Rannsóknir varðandi síðastnefnda þáttinn (andlegar aukaverkanir) eru sífellt í þróun og í auknum mæli leitar fólk sér aðstoðar fagaðila eftir steramisnotkun.

Misnotkun á anabólískum sterum er ekki einkamál þar sem slík notkun hefur oft verið tengd við ofbeldi og glæpi þó vísindalegar staðreynir um slíkt hugsanlega skorti hér á landi. Ástæða fyrir banni á neyslu á anabólískum sterum í Noregi og Svíþjóð er t.d. sú að notkun á þeim var tengd við gróf ofbeldisbrot í þeim löndum. Skaðleg áhrif efnanna geta verið augljós og komið fram strax eða þau geta verið óljósari og komið í ljós eftir langvarandi notkun. Skaðlegar aukaverkanir geta verið viðvarandi og haft langvarandi áhrif, bæði á þá sem nota efnin og samfélagið í heild sinni.





Í ljósi þess hversu alvarleg og neikvæð áhrif notkun ólöglegra árangursbætandi efna hafa á þá sem misnota þau, þá telur Lyfjaráð ÍSí nauðsynlegt að þetta frumvarp nái að verða að lögum í óbreyttri mynd.

Ef nánari upplýsinga eða útskýringa er þörf, vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Virðingarfyllt,
f.h. Lyfjaráðs ÍSí

Birgir Sverrisson
verkefnastjóri



Nefndasvið Alþingis

293. mál –bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum.

Lyfjastofnun vísar til erindis nefndasviðs Alþingis til stofnunarinnar, 12. mars 2018 þar sem stofnunni er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum, 293. mál.

Um er að ræða endurflutt frumvarp frá 146. þingi, 432. mál. Líkt og segir í almennum athugasemdum sem fylgja frumvarpinu var frumvarpið unnið í velferðarráðuneytinu í samvinnu við Lyfjastofnun. Hefur Lyfjastofnun því komið að sinni fagþekkingu og efnislegum athugasemdum við undirbúning málsins. Sé þess óskað er Lyfjastofnun meira en reiðubúin til að senda fulltrúa sinn á fund nefndarinnar.

Með kveðju,

Fjóla Pétursdóttir

Lögfræðingur / Legal Advisor

Lyfjastofnun / Icelandic Medicines Agency

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 12. mars 2018 um umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum (þskj. 395, 293. mál á 148. löggjafarþingi).

Frumvarpið varðar ekki álitæfni um vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd gerir því ekki athugasemdir við efni þess.

F.h. Persónuverndar,



Gunnar Ingi Ágústsson
Lögfræðingur | Legal Counsel

Persónuvernd | Data Protection Authority

Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík, IS, (+354) 510-9600
www.personuvernd.is

Fyrirvari | Disclaimer





TOLLSTJÓRI

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. apríl 2018

Efni: Umsögn Tollstjóra um frumvarp til laga um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnnum og lyfjum, 293. mál.

Tollstjóri vísar til tölvupósts velferðarnefndar Alþingis, dags. 12. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Tollstjóra um frumvarp til laga um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnnum og lyfjum, 293. mál. Tollstjóri styður þær breytingar sem felast í frumvarpinu og hefur ítrekað kallað eftir breytingum sem heimila sérstaklega Tollstjóra og lögreglu að ljúka minniháttar málum með sektum. Tollstjóri vill þó gera nokkrar athugasemdir við frumvarpið;

Umfjöllun um 2. grein

Gert er ráð fyrir því skv. 2. gr. frumvarpsins að Lyfjastofnun geri veitt undanþágu frá banni þegar sérstaklega stendur á, en jafnframt að slíka undanþágur séu ávallt afturkræfar. Tollstjóri telur að skýra þurfi þetta með nánari hætti í tengslum við minni háttar brot, enda verður ekki refsað ef mál innflytjanda fellur undir slíka undanþágu. Mikilvægt er að mati Tollstjóra að Lyfjastofnun verði gert að tilkynna eða auglýsa þegar slíkar undanþágur eru veittar með formlegum hætti og einnig þegar þær eru afturkallaðar.

Umfjöllun um 4. grein

Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að heimilt sé að ljúka málum með fésekt lögreglu eða Tollstjóra og upptöku efna og lyfja í þeim tilvikum er mál telst að fullu upplýst og sakborningur fellst á slík málalok. Tollstjóri óskar eftir því að bætt verði við ákvæði í lögum sem tilgreina með hvaða hætti sektir verða lagðar á og á hvaða forsendum, m.a. hvað varðar fjárhæðir sekta og hvernig þær skuli reiknaðar út, eða að bæta inn reglugerðarheimild, sbr. t.d. 3. mgr. 185. gr. tollalaga, sbr. reglugerð 604/2009, um sektir og önnur viðurlög ákvörðuð af tollstjóra vegna brota á tollalögum nr. 88/2005. Það er óheppilegt að lögregla og Tollstjóri fái ekki nánari skýringu á því hvernig leggja skuli sektir sem um ræðir í frumvarpinu og gæti leitt til þess að frumvarpið missi marks sökum þeirra krafna sem gerðar eru til skýrleika refsheimilda.

Lögreglan hefur nú þegar fyrirmæli ríkissaksóknara nr. 3/2017, þar sem tiltekið er hvernig á að sekta fyrir minni háttar brot. Slík fyrirmæli eru ekki til í lögum né reglum til handa Tollstjóra hvað varðar lyfjalagabrot. Ennfremur kemur hvergi fram í ofangreindum fyrirmælum ríkissaksóknara hvernig sekta skuli fyrir lyfjalagabrot að undantöldum stinningarlyfjum. Lagt er því til að ríkissaksóknari gefi út ný fyrirmæli í ljósi frumvarpsins þar sem tilgreindar verða sektarfjárhæðir fyrir minniháttar brot skv. frumvarpinu og í frumvarpið verði bætt við tilvísun í 4. gr. sem kveður á um að Tollstjóri skuli miða sektarfjárhæðir við fyrirmæli ríkissaksóknara sem sett eru á grundvelli reglugerðar nr. 205/2009, um lögreglustjórasedktir, sbr. 3. mgr. 149 gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Slíkt tryggir að samræmi sé á milli lögreglu og Tollstjóra bæði í ákvörðun sektarfjárhæðar, sem og í hvaða tilvikum



TOLLSTJÓRI

ljúka skuli máli með þessum hætti. Umrætt ákvæði felur í sér mat á því hvað teljist minni háttar mál og eðlilegt að samræmi sé í því hjá bæði lögreglu og Tollstjóra.

Tollstjóri vill benda á, að ákvæðins misræmis gætir á milli 2. mgr. og 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. er gert heimilt að ljúka minni háttar málum með fésekt eins og áður greinir, en í 3. mgr. er það gert skylt að lyf og efni sem lögin taki til séu gerð upptæk með dómi. Orðalagið stangast því á við tilgang 2. mgr. og gæti leitt til vandræða við túlkun og í raun komið í veg fyrir að Tollstjóri og lögregla geti lokið málum með þeim hætti sem um kveður í 2. mgr. enda samkvæmt ákvæðinu „skylt“ að gera efnin upptæk með dómi. Að mati Tollstjóra mætti koma í veg fyrir túlkunarvandkvæði með því að setja almenna reglu um að lyf og efni sem lögin taki til skuli upptæk með dómi, en þrátt fyrir það ákvæði geti Tollstjóri og lögregla lokið málum með þeim hætti sem tilgreindur er í 2. mgr. Með þeim hætti væri skýrt að heimild Tollstjóra og lögreglu sé undantekningaregla frá þeirri almennu reglu sem tilgreind er í 3. mgr.

Aðrar athugasemdir

Tollstjóri vill einnig vekja athygli á því að þarna er verið að taka út einn ákvæðinn flokk lyfja og setja sérreglur um þau. Í dag er í gildi reglugerð nr. 212/1998, um innflutning einstaklinga á lyfjum til eigin nota. Brýnt er að endurskoða þá reglugerð og í henni reglugerð er m.a. að finna ákvæði um takmarkanir á innflutningi samskonar lyfja og þetta frumvarp nær til. Í þessu lagafrumvarpi er gert ráð fyrir að sér reglugerð verði sett og þá verður staðan sú að í gildi verða fleiri en ein reglugerð sem hafa ákvæði að geyma um hvernig fara skuli með meint brot á lögum og reglugerð við innflutning lyfja. Að mati Tollstjóra væri heppilegra að hafa ein heildarlög og eina heildarreglugerð sem kvæði á um takmarkanir á innflutningi lyfja og fæðubótarefna sem innihalda lyfjavirk efni. Líkt og fram hefur komið í fréttum er t.d. orðið mjög brýnt að taka til gagngerrar endurskoðunar ákvæði reglugerðar nr. 212/1998 um innflutning einstaklinga á lyfjum til eigin nota, þ.s. innflutningur á ópíumvirkum lyfjum og ýmsum geðlyfjum hefur aukist og það er mikil áskorun fyrir Tollstjóra að hindra meintan ólögmdæta innflutning á slíkum lyfjum vegna mjög óljósra og víðtækra ákvæða í 2. gr. reglugerðarinnar um að innflutningur lyfja sé heimill hafi viðkomandi lyfseðil eða önnur skriflega fyrirmæli frá lækni um að hann þarfnist slíkra lyfja. Þá vantar í lög skýra heimild til þess að Tollstjóri, Lyfjastofnun, Landlæknisembættið, Lögregla, MAST og ráðuneytin sem í hlut eiga geti miðlað á milli sín upplýsingum sem varpað geta ljósi á meinta misnotkun ýmissa aðila og lækna á því regluverki sem nú gildir. Ágóðavonin er mikil og afleiðingarnar eru skelfilegar enda nú er talið að a.m.k. einn aðili láti lífið í hverri viku vegna ofneyslu slíkra lyfja. Afar mikilvægt er að kalla saman alla aðila sem hafa aðkomu að viðbrögðum við meintum brotum gegn lyfjalögum og reglugerð nr. 212/1998.

Virðingarfyllst,

f. h. Tollstjóra.

Guðmundur Jóhann Árnason

Tollasvið - Lögfræðideild



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 28. mars 2018

Efni: Frumvarp til laga um bann við tilteknum frammistöðubætandi eignum og lyfjum, 293. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 9. Apríl sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Í frumvarpinu og greinargerð með því kemur fram að nauðsynlegt sé talið að setja heildarlöggjöf um efni og lyf sem notuð eru í þeim tilgangi að bæta líkamlega frammistöðu einstaklinga, einkum í keppnisíþróttum.

Umboðsmaður fagnar sérstaklega ákvæði 3. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir því að velferðarráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og embætti landlæknis standi sameiginlega að fræðslu til að koma í veg fyrir að almenningur og sér í lagi ungt fólk verði fyrir heilsutjóni vegna neyslu á frammistöðubætandi eignum. Að mati umboðsmanns barna er afar brýnt að unnið sé að því að efla forvarnir og bæta fræðslu á þessu sviði þannig að ungt fólk í íþróttum fái viðeigandi upplýsingar sem geri þeim kleift að taka upplýstar ákvarðanir um eigin heilsu. Þannig má koma í veg fyrir að ungt fólk verði fyrir alvarlegu og varanlegu heilsutjóni vegna notkunar á skaðlegum eignum.

Virðingarfyllt,
Salvör Nordal,
umboðsmaður barna

Reykjavík, 9. apríl 2018

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á: nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) í 432. máli á 146. löggjafarþingi um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum.

UMFÍ fagnar því að fram er komið frumvarp um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum. Stjórn UMFÍ hefur lýst því yfir að efni og lyf hvers konar eigi enga samleið með íþróttaiðkun, allra síst efni og lyf sem notuð eru til að bæta frammistöðu íþróttamanna.

Efna- og lyfjanotkun hefur neikvæð áhrif á líkama íþróttamanna og eyðileggur leikinn sem íþróttin er. Í fyrsta lagi er það óréttlætanlegt þegar einstaklingur sem annað hvort hefur ráð á eða með sambönd til að verða sér úti um frammistöðubætandi efni keppir við og hefur betur í keppni við þá sem hafa lagt mikið á sig til að ná langt í íþrótt sinni án efna- og lyfjanotkunar. Í öðru lagi er neysla efna og lyfja heilsuspillandi ef ekki hættuleg og stríðir gegn hugsjón ungmennafélagshreyfingarinnar um heilbrigði í íþróttum. Í þriðja lagi eru íþróttir leikur. Við verðum að vernda leikinn gegn hverjum þeim sem vill eyðileggja hann með efnum og lyfjum.

Í stuttu máli fagnar UMFÍ banni við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum þar sem sú notkun á enga samleið með hugmyndum og stefnu UMFÍ.

UMFÍ leggur áherslu á að lýðheilsumál sem þessi brenna á ungmennafélagshreyfingunni enda má segja að heilbriggt lífverni sé hjá henni bundið í meira en 100 ára lög UMFÍ (sjá: <https://www.umfi.is/um-umfi/loq-og-reglugerdir/loq-ungmennafelags-islands/>) og stefnu UMFÍ (sjá: https://www.umfi.is/media/1310/umfi_stefna.pdf).

Stefna UMFÍ felur í sér bættu lýðheilsu, betri einstaklinga, betri félög og betra samfélag. Stefnan vísar til þess að bæta stöðugt það sem fyrir er samfélaginu til góða. Höldum því áfram.


VINNUM SAMAN

Auk þess að styðja málið hvetur UMFÍ til þess að forvarnarstarf verði eftt á öllum sviðum þjóðfélagsins hér á landi til að koma í veg fyrir notkun frammistöðubætandi efna í íþróttum.

Ungmennafélagshreyfingin býr yfir mikilli þekkingu á málaflokknum og hefur yfir að ráða þverfaglegum hópi sérfræðinga í lýðheilsumálum, íþróttum og forvörnum sem geta lagt lóð sitt á vogarskálarnar. Tengslanet UMFÍ í lýðheilsu- og forvarnarmálum er öflugt enda sambandsaðilarnir 18 héraðssambönd og 11 íþróttafélög með beina aðild jafnt á landsbyggðinni sem og á höfuðborgarsvæðinu. Alls eru um 300 félög innan UMFÍ og félagsmenn rúmlega 160 þúsund talsins á öllum aldri og um allt land.

Vinum saman að því að bæta okkur öll.

Virðingarfyllt,
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
Framkvæmdastjóri UMFÍ